

Náttúrufræðistofnun
Smiðjuvöllum 28
300 Akranes

Garðabær, 18. september 2025
202509-0041/P.V.B.
10.01.01

Efni: Leyfi til að rannsókna í Skaftafelli og nágrenni

Náttúruverndarstofnun hefur móttengið umsókn Náttúrufræðistofnunar, dagsett 7. september 2025, um leyfi til rannsókna tegunda válista og friðaðra tegunda innan Vatnajökulspjóðgarðs.

Vatnajökulspjóðgarður er friðlýstur sbr. [lög nr. 60/2007](#). Samkvæmt 14. gr. laganna er óheimilt að valda spjöllum eða raski á lífríki, jarðmyndunum, landslagi og menningarminjum innan Vatnajökulspjóðgarðs. Skv 15. gr. b. laga um þjóðgarðinn skal afla leyfis þjóðgarðsvarðar vegna skipulagðra viðburða og verkefna sem kalla á aðstöðu, mannafla eða meðferð tækja í þjóðgarðinum, svo sem til kvikmyndunar, listviðburða, samkomuhalds og rannsókna.

Klettaburkni og Svartburkni eru friðaðar tegundir sbr. auglýsing nr. [1385/2021](#). Við töku hvers kyns ákvarðana sem áhrif geta haft á friðaðar tegundir æðplantna, mosa og fléttna skulu stjórnvöld sýna sérstaka aðgát svo ekki verði gengið gegn markmiðum friðunarinnar.

Lýsing verkefnis:

Sótt er um leyfi til að safna fræjum eða öðrum æxlunarlíffærum plantna á válista innan Vatnajökulspjóðgarðs, til dæmis klettaburkna og svartburkna. Söfnuninn mun fara fram í Skaftafelli og nágrenni. Tilgangur verkefnisins er að koma upp ræktunarleiðbeiningum fyrir friðaðarr plöntur og koma upp langtíma varðveislu fræja og gróa þeirra ex situ. Þess verður gætt að safna aldrei meira en stofninn þolir. Til dæmis með því að taka aðeins brot af því fræi sem hver planta hefur þroskað og meta aðstæður hverju sinni. Söfnunarferðirnar verða farnar í samstarfi við Grasagarð Reykjavíkur á tímabilinu september 2025- 31. desember 2027.

Áhrifamat:

Náttúrufræðistofnun ber ábyrgð á eftirliti með friðuðum æðplöntum, mosum og fléttum skv. ákvæðum 8. gr. auglýsingar um friðun æðplantna, mosa og flétta. . Mat Náttúruverndarstofnunar er að frætakan sé ekki til þess fallinn að hafa neikvæð áhrif á þá einstaklinga sem vaxa innan þjóðgarðsins sé gætt að því að ekki séu öll fræ frá plöntunum fjarlægð við söfnunina. Verkefnið er til þess fallið að bæta þekkingu á ræktun plantanna og þannig tryggja varðveislu tegundanna. Náttúruverndarstofnun metur verkefni ekki líklegt til að

hafa neikvæð áhrif á náttúrufar, verndargildi svæðisins og gesti þjóðgarðsins sé farið að skilyrðum leyfisins.

Skilyrði:

Náttúruverndarstofnun veitir Náttúrufræðistofnun fyrir sitt leyti leyfi fyrir sýnatökunni innan Vatnajökulspjóðgarðs sbr. lýsingu hér að ofan og gildir leyfið frá dagsetningu þessa bréfs til 31. desember 2027 að uppfylltum eftirfarandi skilyrðum:

- Hafa skal þetta bréf með í för á meðan verkefninu stendur og kynna fyrir starfsfólki þau skilyrði sem fylgja leyfinu, áður en undirbúningur og vinna hefst.
- **Tilkynna skal til starfsmanns Náttúruverndarstofnunar á svæðinu hvenær verkefnið hefst og þegar því lýkur með að minnsta kosti sólarhrings fyrirvara.**
- Náttúruverndarstofnun skal tilkynnt um öll frávik við áður útgefna verkefnalýsingu, og eins ef breyting verður á tímasetningu verkefnis eins fljótt og auðið er.
- Þar sem þörf er á að fara út fyrir göngustíga/vegi skal þess gætt að valda sem minnstu raski og fjarlægja öll ummerki um athafnir utan göngustíga/vega að verkefni loknu.
- Forðast skal óþarfa rask.
- Ef upp koma álitamál um framkvæmdir sem tengjast verkefninu og frágang svæðisins skal hafa samband við Náttúruverndarstofnun í síma 556-6800.
- Sýnataka er eingöngu fyrir ofangreint verkefni og óheimilt er að afhenda þriðja aðila sýnin í gróðaskyni.
- Rannsóknaraðilar skulu vera auðkenndir sínum stofnunum og/eða klæðast merktum sýnileikafatnaði.

Náttúruverndarstofnun óskar eftir því að fá aðgang að niðurstöðum ofangreindrar rannsóknar án endurgjalds ef þess verður óskað af hálfu stofnunarinnar.

Hrafnhildur Ævarsdóttir

þjóðgarðsvörður

Þórdís Vilhelmína Bragadóttir

sérfræðingur